

Kæru forráðamenn nemenda í Glerárskóla – Gleðilegt sumar!

Nú er orðið ljóst að skólastarf mun falla í nokkuð eðlilegt horf eftir 4. maí n.k.

Í Glerárskóla verða breytingar þó nokkrar vegna framkvæmda og kemur póstur næstkomandi mánudag með því skipulagi sem verður eftir 4. maí.

Hér koma nokkur atriði sem við biðjum forráðamenn að lesa vel.

1. **Mánudaginn 4. maí 2020 verður skipulagsdagur í Glerárskóla.** Þann dag eru **nemendur í fríi og frístund verður lokuð.** Þetta er gert til að við náum að skipuleggja skólastarfið vegna framkvæmda í skólanum. Í staðinn verður hefðbundinn skóladagur föstudaginn 22. maí en á skóladagatali var hann hugsaður sem skipulagsdagur. Við erum því eingöngu að skipta á dögum svo við náum að hafa skólastarfið eins eðlilegt og hægt er.

2. Vegna framkvæmda við skólann hefur verið þrengt að bílastæðum og nú leggja starfsmenn bílum á tveimur fótoltavöllum sunnan og austan við skólann. Biðjum við forráðamenn að ræða það við nemendur og einnig að koma ekki akandi í skólann nema í brýn nauðsyn sé til.

Við höfum áður sent beiðni til ykkar um að nemendur komi gangandi eða á hjólum í skólann og ítrekum það hér með en með þeim óskum að **nemendur í 1. – 3. bekk komi gangandi en ekki á hjólum** frá og með 24. apríl. Þegar framkvæmdir við D-álmú fara í gang núna í byrjun maí lokast aðkoma að skólanum að norðan og því verða nemendur sem búa vestan skólans að fara niður Höfðahlíðina á gangstétt þar sem nú eru framkvæmdir við leikskóla. Það er því ekki talið ráðlegt að yngri nemendur komi hjólandi auk þess sem ekki eru næg hjólastæði við skólann þegar þrengt er að okkur úr báðum áttum. Ef nemendur í 4. – 10. bekk koma á hjóli í skólann verður að gera þeim ljóst að ekki verður leyfilegt að hjóla á skólalóðinni þannig að hjólin eru eingöngu til að komast í og úr skóla.

Við biðjum ykkur að ræða við krakkana um það hversu miklu skiptir að fara varlega og sýna því virðingu að framkvæmdir eru í gangi í og við skólann. Það skiptir sköpum að hlýða reglum og fara eftir tilmælum skólans og fyrirmælum starfsfólks.

3. Þó samkomubanni verði aflétt mikið hjá nemendum verðum við fullorðna fólkið enn að hlíta reglum um fjöldatakmarkanir og 2ja metra regluna. Forráðamenn eru því beðnir að koma ekki í skólann að nauðsynjalausu út skólaárið. Allar samkomur sem forráðamenn hafa hingað til tekið þátt í verða annað hvort felldar niður eða þeim breytt. Það eru því eingöngu nemendur og starfsmenn sem verða í skólanum út þetta skólaár.

4. Nemendum verður gert að mæta í skólann eftir 4. maí n.k. Undantekningar á því eru eingöngu ef nemendur sýna einkenni Covid19 veikinda.

Enn og aftur þökkum við ykkur fyrir samstarfið og stuðninginn. Við horfum kát og hress fram á við og munum að samkomubann gildir til 4. maí n.k. og að eftir það verðum við fullorðna fólkið að halda okkur við 2ja metra regluna þó nemendum verði leyfilegt að vera í nánari samskiptum.

Gleðilegt sumar.

Kveðja, stjórnendur Glerárskóla